



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 Patreksfirði

Reykjavík, 10. maí 2024

Tilvísun: U23100288 / 05.02 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Efni: Höfnun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Menningar- og viðskiptaráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vorið 2024.

Alls bárust 125 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.927.214.428,-. Í ljósi fjölda umsókna og takmarkaðs fjármagns til úthlutunar reyndist einungis unnt að styrkja 29 umsóknir. Til úthlutunar voru kr. 538.700.000,-.

Hér með tilkynnist að því miður var ekki hægt að samþykkja styrkumsókn yðar vegna „Bygging aðstöðuhúss við Laugarneslaug“ þar sem hún uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 75/2011 og reglugerðar nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Sjá nánari umsögn í meðfylgjandi gæðamatsblaði.

Samkvæmt 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur styrkumsækjandi óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Skrifleg beiðni þess efnis skal berast Ferðamálastofu rafrænt innan 14 daga frá dagsetningu tilkynningar þessarar á netfangið framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu

Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, sérfræðingur

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. Stjórnarsýslu- og umhverfissviðs